



**Ávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
á aldarafmæli Viðskiptaráðs Íslands
Reykjavík
21. september 2017**

Kæru gestir

Ég óska Viðskiptaráði Íslands hjartanlega til hamingju með afmælið. Hinn 17. september 1917, fyrir hundrað árum og þremur dögum betur, var Verslunarráð Íslands stofnað. Síðar var nafni þess breytt en félagsskapurinn starfaði áfram og þau eru ekki mörg ráðin sem hafa náð aldarafmæli hér á landi – og ekki heldur úti í heimi ef út í það er farið. Þannig voru önnur ráð stofnuð austar í álfunni 1917, það mikla byltingarár. Blessunarlega heyra þau sögunni til.

Allt er í heiminum hverfult. Fyrst við erum farin að minnast á tímamót má rifja upp að fyrir réttum áratug virtist ósköp bjart yfir íslensku viðskiptalífi. Síðan dundi bankahrunið yfir. Dramb er falli næst. Ártalið 2007 er orðið að hugtaki um sinnuleysi og gorgeir. En við skulum læra af biturri reynslu, gera betur. Ég leyfi mér að vona að bjart sé fram undan. Ég leyfi mér að vona að við stefnum saman að enn betra samfélagi þar sem hlúð er að þeim sem eiga á brattann að sækja, heilbrigði, jafnrétti og menntun skipað í öndvegi þannig að þjóðin standi sterk andspænis ögrunum nýrra tíma.

Stefnum saman að friði, réttæti og fegurð. Sigurður Pálsson, sem lést í fyrradag eftir löng veikindi, orti svo í síðustu ljóðabók sinni:

Hvað sem hver segir
byggir friður á réttlæti

Hvað sem hver segir
er fegurðin ekki skraut
heldur kjarni lífsins

Já gefðu mér rödd
gefðu mér spámannsrödd
til að bera fegurðinni vitni

Gefðu mér rödd
til að bera réttlætinu vitni.

Kæru vinir, þetta er boðskapur um fagra framtíð, hin raunverulegu gildi lífsins. Megi fagar framtíðarvonir rætast en í nýlegri ræðu sagði skáldið sömuleiðis: „Aðgangur að fortíðinni getur verið og á að vera stökkpallur inn í framtíðina. Sá sem hefur lifandi aðgang að fortíðinni er betur til þess fallinn að ráða við framtíðina.“

Frá mínum bæjardyrum séð eru þetta djúp sannindi og hverfum þá einmitt til Bessastaða, anno 1685. Um vorið eru þeir komnir saman þar landfógetinn (fjármálafulltrúi Danakonungs), lögmenn Íslands tveir, aðrir tveir sýslumenn og lögréttumenn – við skulum taka okkur skáldaleyfi og kalla þá verðlags- eða viðskiptaráð þeirra daga. Og til þess hafa þeir hist að leggja á ráðin um verð á ýmsum útlenskum vörutegundum þess tíma, svo sem mjöli, brauði og salti, járn og önglum, timbri og tjöru. Öll þessi nauðsynjavara „uppsetjist og seljist ei meir en til þriðjungs ábata meðal landsmanna sökum kostnaðarflutnings seljandans til annarra sveita“.

Á hinn bóginn skal aðeins fimmtungs ágóði fást fyrir sölu á „léttingsvöru“ og glysvarningi; klæði, höttum, húfum, stígvélum, lérefti og svo framvegis. En tóbak er hér tekið út fyrir sviga eins og sagði í samkomulaginu á Bessastöðum sem síðar var samþykkt á Alþingi: „Tóbak, sem taxtinn um getur, sé á engan hátt leyfilegt meðal landsmanna til ábata að seljast né útokrunar, sem í sannleika bevísanlegt er að sé landsins almúga til stórs skaða og útörmunar.“

Við getum alltaf lært af liðinni tíð. Þarna ríkti einokun, áþján og höft, víti til varnaðar. En hverfum nú enn lengra aftur í aldir, á frelsisöld. Þá bar það til að Sverrir Sigurðsson braust til konungs í Noregi eins og segir í sögu hans, ritaðri hér á landi. Í verslunarbænum Björgvin hélt hann þing og mælti til kaupmanna: „Vér viljum þakka hingaðkomu öllum enskum mönnum, þeir er hingað flytja hveiti og hunang, flúr eða klæði. Svo viljum vér og þakka þeim mönnum öllum er hingað hafa flutt léreft eða lín, vax eða katla.“ Þýska kaupskýslumenn vildi Sverrir hins vegar finna í fjöru því að þeir byðu ofgnótt víns fyrir smjör og skreið og skapaðist stór skaði af: „Það er hið fyrsta, er minnst er, að sjá [sá], er þýðist ofdrykkjuna, þá fyrirlætur hann allan fjáraflann því að ofdrykkjan týnir fénu og glatar, þar til er sá maður, er fullsæll var að verður vesæll og volaður.“

Já, taumleysi og áfergja mega líka vera víti til varnaðar. Sverrir konungur mælti þess vegna áfram – og sú niðurstaða hans um kaupskap á svo sannarlega enn við nú á dögum: „Öllum hlutum skyldi stilling fylgja. Hermenn skyldu vera hógværir í friði sem lamb en í ófriði ágjarnir sem leon. Kaupmenn og bændur skyldu og fara svo með sínu eðli: afla fjárens með réttu – og þó með erfiði – gæta með visku en veita með mildi.“

Kæru vinir! Í viðskiptum verður að hafa rétt við, fara vel með hóflegan ágóða og leggja af honum sanngjarnan skerf til samfélagsins. Þetta eru óskaorð mín til Viðskiptaráðs Íslands á hinum miklum tímamótum: Afla með réttu, gæta með visku, veita með mildi.